

Fréttapistill frá forseta Íslands

3. febrúar 2020

Þegar ég hefst handa við skrif þessa vikupistils á sunnudegi berast þær gleðifréttir utan úr heimi að Hildi Guðnadóttur hafi verið veitt enn ein viðurkenningin. Nú bætti hún BAFTA-verðlaunum í ört vaxandi safn sitt. Fyrir réttri viku hlaut hún Grammy-verðlaun og um næstu helgi bíður Óskarsathöfnin mikla í Hollywood. Þar þykir Hildur sigurstrangleg og hvernig sem fer hefur hún skráð sig á spjöld sögu myndrænna tónsmíða hér heima og erlendis. Ég óska Hildi Guðnadóttur hjartanlega til hamingju með verðskuldaðar viðurkenningar.

Sunnudaginn 26. janúar hóf ég með því að sækja hátíðarviðburð í Kórnum í Kópavogi. Þar fögnuðu HK-ingar hálftrar aldar afmæli félags síns og færði ég þeim heillaóskir. Það voru nokkrir strákar sem stofnuðu Handknattleiksfélag Kópavogs í ársbyrjun 1970 og voru þeir heiðraðir í hófinu. Eflaust grunaði strákpjakkana ekki á sínum tíma að félagið yxi og dafnaði sem raun ber vitni og nyti þeirrar glæsilegu aðstöðu sem nú má finna í efri byggðum Kópavogs.

Síðar þennan dag lá leið okkar Elizu að Reykjavíkurbörn. Óðinn liggur þar við festar, flaggskip Sjóminjasafnsins, og um þessar mundir eru 60 ár frá því að hann kom til landsins. Því var fagnað með viðhöfn um borð. Skipverjar Óðins fyrr á tíð hafa haldið þessu glæsilega varðskipi við og voru margir viðstaddir, auk Guðmundar Hallvarðssonar, Sigrúnar Magnúsdóttur og fleiri velunnara skipsins. Þá sóttu tveir ráðherrar hófið, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra og Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra. Ég flutti ávarp í tilefni tímamótanna og leitaði fanga í gögnum mínum um sögu þorskastríðanna. Þuldi ég m.a. þessi samskipti stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar og Óðins í 50 mílna átökunum, nánar tiltekið 28. desember 1972:

12:54 Óðinn til stjórnstöðvar: „H 191 keyrði á okkur stop megum við nota byssuna?“

12:56 Stjórnstöð til Óðins: „Nei.“

13:23 Óðinn til stjórnstöðvar: „Sjö togarar á fullri ferð á eftir okkur.“

13:26 Stjórnstöð til Óðins: „Þeir fiska ekki á meðan.“

14:03 Stjórnstöð til Óðins: „Eru þeir drukknir?“

14:07 Óðinn til stjórnstöðvar: „Tel það ekki stop en vegna þess að við fengum ekki að nota byssuna ganga þeir á lagið.“

14:11 „Verið rólegir. Það getur komið að því.“

18:09 Óðinn til stjórnstöðvar (eftir að skipstjóri Ranger Briseis, fylgdarskip togaraflotans, hafði beðið um „rólegheit“ á miðunum): „Svöruðum honum að togari hafi reynt að sökkva skipi okkar og drepa áhöfnina stop ef þeir vilji rólegheit þá gæti hann sagt togurunum að halda sig fyrir utan 50 sml.“

Ávarpið í heild sinni er hægt að horfa á hér :

<https://www.facebook.com/sjominjasafnid/videos/2605134263050939/?t=21>. Jón Páll Ásgeirsson stýrimaður tók ljósmyndir á viðburðinum og birti ég tvær þeirra hér. Í árunna rás hefur hann tekið ófáar myndir sem lýsa vel störfum Gæslumanna og eru þær ómetanlegar heimildir.

Á mánudeginum gafst tóm til að gefa blóð í Blóðbankanum og hvet ég alla, sem á því hafa tök, að láta þannig gott af sér leiða. Þriðjudaginn 28. janúar afhentu nýir sendiherrar trúnaðarbréf á Bessastöðum, fulltrúar Kýpur og Lesótó, með aðsetur erlendis. Fróðlegt var að venju að spjalla við sendiherra og fræðast um samskipti Íslendinga við þeirra heimafólk. Að kvöldi voru Íslensku bókmenntaverðlaunin svo afhent á Bessastöðum. Enn má vísa til heimasíðu forsetaembættisins um frekari fregnir af þessum og öðrum viðburðum. Við verðlaunaafhendinguna flutti ég ávarp, lagði út af sögum af handbolta í íslenskum bókmenntum og fannst það vel við hæfi, svo skömmu eftir ágætan árangur strákanna okkar á Evrópumótinu í þeirri göfugu íþrótt. Af nægu er að taka í þessum efnum og lesa má ávarpið hér:

https://www.forseti.is/.../2020_01_28_bokmenntaverdlaunin...

Miðvikudaginn 29. janúar var annar ánægjulegur viðburður á Bessastöðum: Þá hlotnaðist mér sá heiður að afhenda Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands. Maður fyllist alltaf bjartsýni og gleði á þeim viðburði og ég hvet fólk til að fræðast um þau verkefni sem voru tilnefnd til verðlaunanna, að ekki sé minnst á verðlaunaverkefnið sjálft. Það má t.d. gera hér: <https://www.forseti.is/.../2020-01-29-n%C3.../>. Á mynd að neðan er ég með handhafa Nýsköpunarverðlaunanna í ár, Halldóri Bjarka Ólafssyni.

Daginn eftir gætti sama anda djörfungar og hugs, á Framadögum sem ég setti formlega í Háskólanum í Reykjavík. Þar kynntu ýmis fyrirtæki og stofnanir starfsemi sína fyrir áhugasömum nemendum og öðrum í atvinnuleit. Ég stóðst ekki mátið og þáði boð Árna Friðleifssonar aðalvarðstjóra að setjast á móturfák lögreglunnar eins og sjá má á mynd hér að neðan sem er fengin af fésbókarsíðu hennar. Ég kann því miður aðeins að nafngreina Árna enda þekki ég hann frá fornu fari; hann var í sigursælu unglingsliði Gróttu sem lék nær alla mótherja í handbolta grátt á sínum tíma, undir stjórn Gauta Grétarssonar sjúkráþjálfara.

Síðar þennan fimmtudag buðum við Eliza svo stjórn Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð til fundar á Bessastöðum með aufúsugestum þeirra að utan, Jaime Nack, forseta Three Squares og Pablo Jenkins, stofnanda Ideas en Acción og ráðgjafa ríkisstjórnar Kostaríku. Þau sóttu hér á landi öndvegisráðstefnu Festu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð, og má lesa um hana hér: <https://samfelagsabyrgd.is/.../januar-radstefna-festu.../>.

Verðlaun á sviði bókmennta og nýsköpunar, framadagar og framtíðarvonir, sjálfbærni og umhverfislausnir. Já, gott er að fagna því sem vel er gert og gleðjast með fólki. En litróf lífsins er víðara. Fimmtudaginn 30. janúar hitti ég einnig fulltrúa Hugarafis, félags sem stuðlar að breidd í þjónustu við fólk með geðraskanir og auknum mannréttindum fólks með geðraskanir. Á fundinum var einkum rætt um leiðir til að sporna við sjálfsskaða og sjálfsvígum og hjálpa fólki í slíkum örvæntingarhugleiðingum.

Nýliðinni viku lauk síðan með hátíðarviðburðum. Á laugardaginn var voru rétt 90 ár liðin frá stofnun Kvenfélagasambands Íslands. Um leið er sá mánaðardagur, 1. febrúar, hafður í hávegum sem dagur kvenfélagskonunnar. Í tilefni hinna miklu tímamóta tók ég á móti forystusveit Kvenfélagasambandsins á Bessastöðum og fræddist um starfsemi þess og þeirra þúsunda kvenna sem leggja góðum málum lið um land allt. Kvenfélagskonur safna nú fé til tækjakaupa og bendi ég glaður á frekari upplýsingar um það þarf framtak: <https://kvenfelag.is/.../542-s%C3%B6fnun-kvenf%C3...>

Að kvöldi dags héldum við hjónin svo á þorrablót Álftnesinga og skemmtum okkur dável í góðra vina hópi. Á sama tíma blótuðu fleiri þorra annars staðar og vestur á Flateyri féll sú skemmtun saman við Stútung, rótgróna hátíð þar. Ég sendi kveðju í gleðskapinn, fannst það sjálfsagt eftir þær hremmingar sem dundu nýlega yfir byggðarlagið, og hef hér að neðan mynd af kveðjunni sem birtist í Bæjarins besta.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og góðs gengis við upphaf nýrrar vinnuviku.